

Fundargerð stjórnar SOS nr. 339

Staður: Fundurinn er haldinn í fjarfundarbúnaði.

Dagsetning og tími: 13. nóvember kl. 10:00.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Jón G. Valgeirsson (JGV) og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð, auk Ingunnar Jónsdóttur (IJ), framkvæmdastjóra SASS.

1. Breyting á starfsemi Sorpsstöðvar Suðurlands bs.

Á aðalfundi SOS á Kirkjubæjarklaustri var ákveðið að hefja undirbúning á breytingum á starfsemi byggðasamlagsins. Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að SOS verði áfram til sem lögaðili með lagalegar skuldbindingar og skyldur gagnvart aðildarsveitarfélögum til rækslu þeirra verkefna sem samþykktir þess kveða á um. Með samningi við SASS verði öll verkefni og faglegt starf unnin hjá SASS, stjórn SOS starfi áfram en fari ekki með daglegan rekstur byggðasamlagsins með sama hætti og nú er, sem er, að óbreyttu, ekki nógu skilvirkt fyrirkomulag að mati stjórnar.

Farið yfir tímalínu verkefnis og drög að erindi til stjórnar SASS vegna breytinganna. Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra SASS falið að vinna áfram drög að erindinu og leggja fyrir næsta stjórnarfund SOS ásamt drögum að samningi við SASS vegna verkefnisins, breytinga á samþykktum og kostnaðargreiningu og tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun SOS og í vinnunni verði leitað samstarfs við stjórnarformann SASS um nánari útfærslu.

Rædd þau atriði sem stjórn SOS leggur áherslu á í starfslýsingu og menntunar- og hæfnikröfum starfsmanns sem fyrirhugað er að ráða til SASS tímabundið til 1 árs til að sinna verkefnum SOS og taka saman og greina nánar þau tækifæri til samstarfs og samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SASS í úrgangsmálum og hvað nánara samstarf á þessum vettvangi geti haft í för með sér til hagsbóta fyrir sveitarfélög á svæðinu. Framkvæmdastjóra SASS og formanni stjórnar falið að vinna áfram drög að starfslýsingu og menntunar- og hæfnikröfum starfsmanns með hliðsjón af áherslum stjórnar SOS.

2. Næstu fundir stjórnar.

Stefnt er að því að næstu fundir stjórnar verði haldnir 2. desember 2025 kl. 10:00 og 10. desember kl. 12:00.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 10:45.